

29. ágúst 2017

Námskeið á vegum BHM

Haustönn 2017

Árlega skipuleggur BHM margvísleg námskeið fyrir almenna félagsmenn aðildarféлага, kjörna fulltrúa þeirra, starfsfólk og trúnaðarmenn. Á haustönn 2017 verða eftirfarandi 14 námskeið í boði. Flest þeirra eru opin öllum félagsmönnum BHM án endurgjalds og er einkum ætlað að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Hér er m.a. um að ræða námskeið um vinnurétt, samskipti á vinnustað og námskeið sem miða að því að efla persónulega færni þátttakenda. Eitt námskeið er sérstaklega ætlað trúnaðarmönnum. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar sem, ef út í þær fer, verða kynntar á vef BHM.

Opnað verður fyrir skráningu á vef BHM ([sjá hér](#)) kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 1. september nk. Vinsamlegast athugið að fjöldi þátttakenda er yfirleitt takmarkaður og því gildir að fyrst koma – fyrst fá. Öll námskeiðin verða kennd í húsnæði BHM að Borgartúni 6 í Reykjavík, 3. hæð. Athugið að flestum námskeiðanna verður jafnframt streymt á streymissíðu BHM: <https://livestream.com/bhm>

Nokkur af þessum námskeiðum verða einnig haldin á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ og á Ísafirði í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða en dagsetningar liggja ekki fyrir enn sem komið er.

5. september

Efnahagsumhverfi kjarasamninga í núinu

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM

Lýsing:

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu á efnahagsegum forsendum kjarasamninga og undirbúa forsvarsmenn aðildarféлага BHM fyrir kjaraviðræður haustið 2017. Námskeiðinu er ætlað að veita ákveðinn grunnskilning en getur einnig þjónað sem holl upprifjun. Á námskeiðinu verða helstu atriði þjóðhagfræðinnar skoðuð með hliðsjón af núverandi efnahagsaðstæðum. Auk þess verða áhrif vinnumarkaðar á hagkerfið skoðuð sérstaklega og þær hagstærðir sem hafa áhrif á kaupmátt launþega. Launapróun aðildarféлага BHM verður rýnd og útskýrt hvernig leggja megí mat á launapróun ákveðinna hópa og innan ákveðinna stofnana hjá ríkinu.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>



13. september

Grunnnámskeið I fyrir trúnaðarmenn

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Maríanna H. Helgadóttir, formaður Félags Íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

Lýsing:

Námskeiðið er ætlað trúnaðarmönnum aðildarfélaganna BHM. Fjallað verður um:

- ✓ Lagalega stöðu trúnaðarmanna
- ✓ Kosningu og vernd trúnaðarmanna
- ✓ Hlutverk trúnaðarmanna
- ✓ Réttindi og skyldur trúnaðarmanna
- ✓ Innihald ráðningarsamninga
- ✓ Hvar trúnaðarmenn finna upplýsingar
- ✓ Kjarasamninga og stofnanasamninga
- ✓ Tímabundnar ráðningar og auglýsingaskyldu

Athugið að ráðgert er að halda framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn á vorönn 2018.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

19. september

Undirbúningur starfsloka

Tími:

10:00–11:30

Umsjón/leiðbeinandi:

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka

Lýsing:

Fjármál flækjast til muna þegar taka lífeyris hefst. Á námskeiðinu verður farið yfir atriði sem mikilvægt er að hafa í huga þegar starfslok eru undirbúin, s.s.:

- ✓ Hvernig eru greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?
- ✓ Hvenær á ég að sækja um?
- ✓ Hvað ef mig langar að halda áfram að vinna eftir 67 ára aldur?
- ✓ Hvernig ætti ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?
- ✓ Hvað þarf ég að vita varðandi skattkerfið?
- ✓ Hvaða áhrif hefur ávöxtun sparifjár?

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

26. september

Kynferðisleg áreitni á vinnustað

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM

Lýsing:



Hvað er kynferðisleg áreitni? Hvernig má draga úr líkum á að kynferðisleg áreitni eigi sér stað á vinnustað? Til hvaða úrræða skal grípa ef kynferðisleg áreitni kemur upp á vinnustað?

Á námskeiðinu verður leitast við að svara þessum spurningum með almennri umfjöllun um kynferðislega áreitni á vinnustað. Fjallað verður um lög og reglur sem gilda um kynferðislega og kynbundna áreitni á vinnustað og skilgreiningar á hugtökunum. Einnig verður fjallað um helstu birtingarmyndir slíkrar áreitni, áhættuþætti og afleiðingar áreitni. Þá verður fjallað um forvarnir, skyldur, viðbrögð og úrræði vinnuveitanda.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

3. október

Núvitund

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/Leiðbeinandi:

Margrét Gunnarsdóttir, MSc, sálmeðferðarfræðingur og sjúkraþjálfari

Lýsing:

Á þessu 2ja tíma námskeiði verður farið í hvernig hægt er að útfæra núvitund til að bæta samskipti. Byrjað er á að rifja upp grunnatriði núvitundar. Í framhaldi er skoðað hvernig hægt er að þjálfra með sér núvitund í samskiptum. Að tileinka sér núvitund og getu til að njóta líðandi stundar gegnum einstaklingsþjálfun og iðkun er eitt. Það að viðhalda núvitundarástandi í samskiptum við aðra, sér í lagi ef um krefjandi samskipti í einkalífi eða starfi er að ræða, er næsta þrep. Kenndar verða æfingar þar sem tengsl við eigin skynjun og upplifun, s.s. öndun, líkamsvitund, hugsanir og tilfinningar, eru lykilþættir. Á námskeiðinu gefst þannig tækifæri til að fá grunnþjálfun í hvernig hægt er að tileinka sér núvitund í samskiptum við aðra.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

10. október

Vinnutengd streita og kulnun

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/Leiðbeinandi:

Starfsfólk Hugtaks – mannauðsráðgjafar ehf.

Lýsing:

Heilsa er mikilvægur hluti í lífi starfsmanna og vinnustreita er eitthvað sem ber að forðast eða læra að takast á við á þann hátt að dragi úr neikvæðum afleiðingum. Vinnustreita getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir starfsfólk sem og fyrirtæki í heild og langvarandi streita getur leitt til kulnunar í starfi. Gagnlegt er fyrir alla að starfsmenn og stjórnendur að þeir læri að stjórna þeim þáttum starfsins sem þeir geta og læri að þekkja inn á eigin viðbrögð við streitu.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

17. október

Námskeið um fundarsköp, fundarstjórn og fundarritun

Tími:

9:00-12:00

Umsjón/Leiðbeinandi:

JCI Ísland



Lýsing:

Þetta er tilvalið námskeið fyrir alla þá sem sitja fundi og eru þreyttir á hversu miklum tíma er sóað. Farið er yfir öll grundvallaratriði fundarskapa og þátttakendur fá tækifæri til að framfylgja réttum fundarsköpum og stjórna fundum samkvæmt þeim. Farið er í meðhöndlun breytingartillagna hvers konar, úrskurði deilumála o.fl. Tilgangurinn er að þjálfar þátttakendur í að taka virkan þátt í fundarstörfum og tryggja markvissan og góðan fund. Flesta fundi þarf að rita. Þegar slíkt er ekki gert eða illa gert þá lýsir það sér í löngum fundarsetum sem nánast eru til einskis þar sem fundirnir skilja lítið eftir sig og ákvörðunum og framkvæmdum er illa fylgt eftir. Þetta námskeið þjálfar þátttakendur til að geta verið fundarritarar á öllum fundum, allt frá stórum aðalfundum niður í einfalda fundi hjá nefndum eða vinnuhópum. Tilgangurinn er að þátttakendur geti skráð gerðir funda beint í fundagerðabók til upplestrar og samþykktar í fundarlok.

24. október

Einelti á vinnustað

Tími:

9:00-12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM

Lýsing:

Hvað telst vera einelti á vinnustað? Hvernig komum við í veg fyrir það? Hvernig skal bregðast við einelti á vinnustað? Þetta er meðal spurninga sem leitast verður við að svara á námskeiðinu. Í upphafi verður fjallað um skilgreiningu á einelti eins og það er skilgreint í lögum, reglugerðum og af fræðimönnum. Því næst verður fjallað um birtingarmyndir eineltis, áhættuþætti og afleiðingar þess. Einnig verður fjallað um skyldur atvinnurekanda, forvarnir, viðbrögð og úrræði þegar upp kemur einelti á vinnustað.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

7. nóvember

Núvitund

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/Leiðbeinandi:

Margrét Gunnarsdóttir MSc, sálmeðferðarfræðingur og sjúkráþjálfari

Lýsing:

Á þessu 2ja tíma námskeiði verður farið í hvernig hægt er að útfæra núvitund til að bæta samskipti. Byrjað er á að rifja upp grunnatriði núvitundar. Í framhaldi er skoðað hvernig hægt er að þjálfar með sér núvitund í samskiptum. Að tileinka sér núvitund og getu til að njóta líðandi stundar gegnum einstaklingsþjálfun og iðkun er eitt. Það að viðhalda núvitundarástandi í samskiptum við aðra, sér í lagi ef um krefjandi samskipti í einkalífi eða starfi er að ræða, er næsta þrep. Kenndar verða æfingar þar sem tengsl við eigin skynjun og upplifun, s.s. öndun, líkamsvitund, hugsanir og tilfinningar, eru lykilþættir. Á námskeiðinu gefst þannig tækifæri til að fá grunnþjálfun í hvernig hægt er að tileinka sér núvitund í samskiptum við aðra.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

14. nóvember

Sáttamiðlun á vinnustöðum



Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Lilja Bjarnadóttir, sáttamiðlari og lögfræðingur, eigandi Sáttaleiðarinnar ehf.

Lýsing:

Markmið námskeiðsins er að kynna sáttamiðlun sem aðferð til að leysa ágreining og deilumál, hugmyndafræðina sem býr að baki þessari aðferð og hlutverki sáttamiðlara. Fjallað verður um kosti og galla þess að nýta sáttamiðlun til þess að leysa deilur á vinnumarkaði og vinnustöðum og hvernig þátttakendur geta tileinkað sér frekari færni til þess að miðla sáttum í málum sem þeir koma að.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

Stytttri námskeið (hádegisfyrirlestrar)

14. september

Að koma út á vinnumarkaðinn

Tími:

12:00-13:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM

Lýsing:

Hvað átt þú rétt á mörgum dögum í launuðu sumarfríi? Færðu desemberuppbót? Hver eru lágmarkslaun? Er heimilt að borga ekki fyrir yfirvinnu? Máttu velja þér stéttarfélag?

Á þessu námskeiði, fyrir þá sem eru komnir eða að koma út á vinnumarkaðinn í kjölfar náms, verður leitast við að svara þessum spurningum og fleirum til. Fjallað verður um lágmarksréttindi sem hverjum og einum eru tryggð með kjarasamningum og lögum og ef tími gefst til verður fjallað stuttlega um helstu atriði sem hafa þarf í huga við upphaf starfs.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

28. september

Kynning á sjóðum BHM

Tími:

12:00-13:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Sjóðafulltrúar BHM

Lýsing:

Sjóðir BHM kynntir. Sjúkrasjóður, Styrktarsjóður, Starfsmenntunarsjóður, Orlofssjóður og Starfsþróunarsetur háskólanna.

Kynningunni verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

5. október

Sjálfstæðir atvinnurekendur

Tími:

12:00-13:00



Umsjón/leiðbeinandi:

Gissur Kolbeinsson, fjármála- og rekstrarstjóri BHM

Lýsing:

Námskeiðinu er ætlað að varpa ljósi ábyrgð sjálfstætt starfandi félagsmanna gagnvart skilum launatengdra gjalda og stöðu þeirra innan sjóða BHM. Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir hvernig standa meggi að skilum gjalda til stéttarfélaga, RSK og lífeyrissjóða og útreikninga þeirra. Sérstaklega verður farið yfir helstu reiknivélar og skilagreinaform hjá innheimtuaðilum launatengdra gjalda með sýnidæmum.

Helstu efnisþættir:

- Ábyrgð verktaka samanborin við launþega.
- Skil stéttarfélagsgjalda, iðgjalda til sjóða, lífeyrisgreiðslna, staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingargjaldi.
- Staða sjálfstætt starfandi félagsmanna innan sjóða BHM.

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>

19. október

Basic Course on Employee Rights and BHM funds

Tími:

12:00-13:00

Tutor:

Andri Valur Ívarsson, BHM's Attorney at Law

Lýsing:

This course will introduce you to minimum rights based on Icelandic law and collective agreements between member unions of the Association of Academics and employers. For example rights to minimum wage, holiday allowance, illness rights, maternity and paternal rights. Also a short introduction to the funds of Association of Academics; Relief funds for the public and private sector, Vocational Training fund, Vocational Training Fund and Career Development Center.

The course will be streamed live on <https://livestream.com/bhm>

2. nóvember

Að semja um laun á almennum vinnumarkaði

Tími:

12:00-13:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri FÍN

Lýsing:

Farið verður yfir kafla 1 og 5 í kjarasamningi aðildarféлага BHM við Samtök atvinnulífsins og réttur félagsmanna til launa og ráðningarsamninga á almennum vinnumarkaði útlistaður. Farið verður yfir hvernig best sé að bera sig að í launaviðtali og hvað sé hægt að semja um við vinnuveitanda. Þá verða einnig sýnd drög að ráðningarsamningum og ráðgjöf veitt er þá varðar.

Helstu efnisþættir:

- Launaviðtöl



- Samningatækni
- Launavæntingar
- Meðallaun háskólamenntaðra
- Ráðningarsamningar

Námskeiðinu verður streymt á <https://livestream.com/bhm>